Tölul.	Tilskipun	Síðari viðbætur	Stjórnartíðindi EB	EES-birting
20	Veltigrind að aftan 86/298/EBE			
			L 186 08.07.86	* EES-gerðir S5
		89/682/EBE	L 398 30.12.89	* EES-gerðir S5
		2000/19/EB	L 94 14.04.00	*** 105/2000
21	Stjórnbúnaður 86/415/EBE			
			L 240 26.08.86	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
22	Veltigrind að framan 87/402/EBE			
			L 220 08.08.87	* EES-gerðir S5
		89/681/EBE	L 398 30.12.89	* EES-gerðir S5
		2000/22/EB	L 107 04.05.00	*** 105/2000
23	Íhlutir 89/173/EBE			
			L 067 10.03.89	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
		2000/1/EB	L 021 26.01.00	*** 73/2000
	Útblástursmengun 2000/25/EB			
			L 173 12.07.2000	*** 10/2001; 22, 26.04.2001

Nr. 309 25. apríl 2003

AUGLÝSING

um breytingu (1.) á gjaldskrá nr. 898/2002 fyrir tannlækningar veittar sjúklingum sem tryggðir eru samkvæmt almannatryggingalögum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

Gjaldnr.	Heiti verks	Verð kr.
	Fyllingar	
214	Tannlit fylling, 4 eða fleiri fletir	7.720
258	Stál- eða plastkróna	6.130
	Rótfyllingar	
301	Kvikuþekja	5.130
306	Kvika barnatannar fjarlægð og felld (formocresolmeðferð)	7.690
308	Rótarendaörvun með ($CaOH_2$)	5.980
310	Fyrsta úthreinsun rótar, 1 gangur, sérstök heimsókn (var nr. 311)	5.980
311	Fyrsta úthreinsun rótar, 2 gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn (var nr. 312)	6.840
312	Fyrsta úthreinsun rótar, 3 eða fleiri gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn (var nr. 313)	9.400
320	Rótfylling, 1 gangur, sérstök heimsókn	5.980
321	Rótfylling, 2 gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn	6.840
322	Rótfylling, 3 eða fleiri gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn	9.400
325	Hreinsun, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 1 gangur	9.400

Gjaldnr.	Heiti verks	Verð kr.
	Tannvegslækningar	
406	Djúphreinsun og rótarheflun tanna með >= 5 mm djúpa poka, fjórðungur	8.550
420	Flipaaðgerð án beinmótunar og sambærilegar aðgerðir, fjórðungur	28.300
422	Flipaaðgerð, ein tönn og aðrar sambærilegar minniháttar aðgerðir	8.550
427	Tannholdsskurður, tannholdsmótun, fjórðungur munns	12.500
428	Tannholdsskurður, tannholdsmótun, ein tönn	4.270
453	Tannholdsgræðlingur	15.100
457	Beinmótun, fjórðungur munns	4.800
	Munn- og kjálkaskurðlækningar	
500	Hæg tönn dregin, hver tönn	2.140
501	Úrdráttur tannar með fulla beinfestu, 1. tönn	4.270
510	Tönn fjarlægð með skurðaðgerð	10.260
525	Opnað inn á beinlæga tönn og tylla vegna tannréttinga fest á hana	11.970
526	Rótarendaaðgerð (rótarstytting)	13.680
530	Endurfesta brottfallinnar tannar eða tanna	13.680
536	Tannkími eða tönn plantað í nýtt tannstæði	13.680
542	Skorið á tungu- eða vararhaft	6.840
552	Beinaðgerðir (torus- eða tuberaðgerðir og aðrar sambærilegar aðgerðir)	11.970
555	Æxli hreinsað út	13.680
570	Vefur saumaður	2.140
580	Stungið á kýli	3.420
	Heilgóma- og partagerð	
713	Stálpartur með einni eða fleiri tönnum	80.000
721	Fóðrun góms eða parts (relining)	20.800
722	Fóðrun góms eða parts (rebasing)	24.000

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjali I:

Skýringar með gjaldskrá ráðherra fyrir tannlækningar.

Skoðun

060 Vitjun. Álag vegna vitjunar til óferðafærs sjúklings eða vegna útkalls til sjúklings utan almenns vinnutíma eða venjulegs vinnustaðar tannlæknis á neyðarvakt.

Fyllingar

Almennt: Endurgreiðsla Tryggingastofnunar ríkisins miðast við að í verði gjaldliða í flokknum sé innifalið tannskurður, botnlag og aukabotnlag, sýruæting, bindiefni, ísetning, mótun, (ljós) hersla og lokafrágangur. Fylling endurgreiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því Tryggingastofnun ríkisins endurgreiddi fyllingu eða skorufyllu í sama flöt tannar. Komi upp skemmd í hliðarfleti svo gera þarf tveggja eða þriggja flata fyllingu skal hún þó endurgreidd þrátt fyrir að tyggiflötur hafi verið skorufylltur eða fylltur innan 3 ára. Bráðabirgðafrágangur milli heimsókna innifalinn eftir þörfum. Fyllingar skal færa á númer tannar og flöt eða fleti skv. ISO-staðli 3950. Fyllingu skal skrá í M, O, D, B eða L fleti tannar eftir því sem við á. Þó með þeirri undantekningu að ef skorukerfi occlusalflatar teygir sig yfir á buccal- eða lingualflöt tannar, án þess að um skemmd sé að ræða í síðarnefndu flötunum, telst slík tunga ekki sérstakur flötur fyllingar. Viðgerðir á rótarhluta tannar skal færa með viðeigandi fleti og bæta R fyrir aftan flötinn, dæmi: BR fyrir fyllingu á kinnarfleti rótar.

201 Tannlit fylling, 1 flötur

212 Tannlit fylling, 2 fletir

213 Tannlit fylling, 3 fletir

214 Tannlit fylling, 4 eða fleiri fletir

231 Amalgamfylling, 1 flötur

232 Amalgamfylling, 2 fletir

233 Amalgamfylling, 3 eða fleiri fletir

235 Amalgamkróna, 4 eða fleiri fletir

258 Stál- eða plastkróna. Fylling undir krónu og tilskurður á tönn er innifalið. Meðal annars notað til þess að hindra ótímabært tap tanna þegar veruleg hætta er á riðlun á biti ef tönn tapast. Einnig notað þegar byggja þarf upp fullorðinstennur lífeyrisþega. Bráðabirgðakróna í sambandi við fyrirhugaða krónusmíð endurgreiðist ekki undir þessum lið. Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar. **R**

Rótfyllingar

310 (var nr. 311)
311 (var nr. 312)
312 (var nr. 313)

Tannvegslækningar

406 Djúphreinsun og rótarheflun tanna með >= 5 mm djúpa poka, fjórðungur. Djúphreinsun á pokum 5 mm og dýpri. Hreinsaðir eru mjúkveggir tannpokanna (curettage) og heflaðir rótarveggir þeirra (rótarplanering).

420 Flipaaðgerð án beinmótunar og sambærilegar aðgerðir, fjórðungur. Aðgerðin felur í sér að tannhold er losað frá tönnum og aðlægu beini, rætur eru hreinsaðar og bólguvefur umhverfis tennur fjarlægður. Flipar eru saumaðir að tönnum aftur ýmist í upphaflega stöðu eða á nýjan stað.

422 Flipaaðgerð, ein tönn og aðrar sambærilegar minniháttar aðgerðir. „Einföld" krónulenging eða aðgangur að stökum beinpoka þar sem nægir að flipa frá einni tönn.

427 Tannholdsskurður, tannholdsmótun, fjórðungur munns. Tannhold skorið burt til þess að grynnka mjúkvefjahluta poka. Tannhold þynnt, mótað eða jafnað til þess að bæta útlit eða auðvelda munnhirðu.

428 Tannholdsskurður, tannholdsmótun, ein tönn. Helst notað til þess að skera tannhold frá tannátubrúnum eða fyllingum undir tannholdi, lengja klíníska krónu til þess að koma að klemmu fyrir gúmmídúk (transseptal fiberotomy) o.s.frv.

453 Tannholdsgræðlingur. Tannhold (eða masticatory mucosa) hvort sem er með hornlagi eða bandvefur eingöngu ágrætt til þess að auka vídd eða þykkt tannholds við tennur eða á tannlausum svæðum. Einnig notað til að upphefja tog vara- og kinnabanda á tannholdsbrún og þekja berar rætur tanna. Á einnig við tilfærða flipa (Pedicle soft tissue grafts) til þess að þekja berar rætur eða auka vídd tannholds við tönn.

457 Beinmótun, fjórðungur munns. Mótun beins samfara flipaaðgerð. Kjálkabein umhverfis tennur mótað og þynnt til þess að fá fram eðlilegri lögun og grynnka eða eyða beinpokum umhverfis tennur.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 27. gr., 37. gr., c-lið 33. gr., sbr. síðustu málsgrein 36. gr., og 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 (með síðari breytingum) og öðlast gildi 1. maí 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. apríl 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.